

**FUNDUR SAMRÁÐSHÓPS SSH UM ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK**

**Staður:** Skrifstofa SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

**Stund:** Miðvikudagur 27. janúar 2016 kl. 8:30

**Viðstaddir:** Rannveig Einarsdóttir og Hrönn Hilmarsdóttir, Hafnarfirði, Snorri Aðalsteinnsson, Seltjarnarnesi, Guðlaug Ósk Gísladóttir, Kópavogi, og Ásgeir Sigurgestsson, Unnur V. Ingólfssdóttir, Mosfellsbæ, og Sólveig Steinsson, Garðabæ, Katrín Þórdís Jakobsen, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Stefán Eiríksson, Reykjavík.

**Fjarverandi:** Bergljót Sigurbjörnsdóttir Garðabæ, Aðalsteinn Sigfússon Kópavogi.

**Efni:**

1. Fundargerð frá 2. desember er samþykkt og fundargerð síðasta fundar.
2. Endurskoðun þjónustulýsingar vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks, máli vísað af fundi samráðshóps 13. janúar 2016.

- a. Tillaga frá Erlendi um breytingu á opnunartíma þjónustuvers sem barst í tölvupósti dags. 13. jan. Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa tillögu. Þar kemur fram að þjónustutími skv. Þjónustulýsingu 3.1.1. er nú frá kl. 7-22 alla daga vikunnar. Að ósk strætó skv. tölvupósti 13. Janúar 2016 eru lagðar til breytingar á opnunartíma.

**„Breytingar á pöntunartíma**

Óskað er eftir að tími fyrir símapantanir með akstursþjónustunni verði breytt þannig að á virkum dögum verði opið frá kl. 09:00 til 18:00 og laugardaga og sunnudaga frá kl 10:00 – 14:00, áfram verður hægt að panta ferðir í tölvupósti og í framtíðinni á vefnum.

Tilgangur þessarar breytingar er fyrst og fremst að bæta svörun í síma á dagtíma ná betur utanum skipulag akstursins og auka hraða í rafrænum skráningum. Einhverjar mannabreytingar verða með færslu af vaktavinnu yfir í dagvinnu.

Fjárhagslegur ávinningur er óverulegur í beinum rekstrarkostnaði en með betri fyrirvörum um akstur eru meiri líkur á að ná hagræðingu í skipulagi akstursplans og ekki síður er ætlunin að bæta svörun í þjónustuverið verulega.

Þjónustan mun að öðru leiti ekki breytast síminn verður áfram opin á öðrum tíma og fyrirspurnum svarað ásamt neyðaraðstoð.“

- b. Ákveðið að setja saman hóp til að yfirfara þjónustulýsingu akstursþjónustunnar. Í hópinn eru tilnefndir Sigurbjörg Fjölnisdóttir frá Reykjavík, Ásgeir Sigurgestsson frá Mosfellsbæ og Soffía Ólafsdóttir frá Hafnarfirði. Ákveðið er að hafa að leiðarljósi skýrslu Reykjavíkurborgar og framkvæmdaráðsins og draga fram það sem betur mætti fara. Hafa þarf í huga fjölda bíla og tímalengd fólks í bílum og að farið sé eftir almennri reglu þó í einstaka tilvikum séu til undantekningar frá þeirri reglu.
  - c. Sveitarfélögin hafa verið hvött til þess að leita leiða til að minnka kostnað við Akstursþjónustu. Í samræmi við þá vinnu sem unnin var vetur í samstarfi við Strætó er, með vitneskju og án athugasemda Strætó, verið að leita annarra leiða til að stuðla að hagræðingu. Hafnarfjörður mun gera tilraun í þeim efnum fram á vorið. Mosfellsbær hefur einnig rætt við Strætó um þjónustu vegna íbúa þeirra sem starfa í Ásgarði. Samkvæmt munnlegum svörum frá Strætó hefur ekki verið gerð athugasemd við að aðrir taki að sér hluta þjónustunnar.
  - d. Áréttað er að óskað hefur verið eftir að fá samning Strætó við verktaka um aksturinn.
3. Atvinnumál fatlaðs fólks, fundargerð mats og inntökuteymis lögð fram.

„Fundarmenn mats- og inntökuteymis leggja til eftirfarandi tillögu: að vinnustaðateymi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að undaskilinni RVK verði starfrækt áfram næstu mánuði og að fulltrúi/ar frá VMST fái sæti í því. Þannig geti aðilar rætt saman, lært af hvorum öðrum og búið til nýja ferla og vinnulag. Lagt er til að umsækjendur haldi áfram fyrst um sinn að sækja um þjónustuna til sinna sveitarfélaga en berist umsóknir til VMST munu þær verða sendar til formanns vinnustaðateymisins.“

- Lagt til að Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður VMST verði boðuð á fund samráðshópsins 24. febrúar.
- Óskað eftir að lögð verði fram áætlun í málaflokknum og svarað spurningum um hvaða verklag á að nota.
- Vinnustaðarteymið heldur starfi sínu áfram og bjóða VMST aðstoð eftir þörfum.

#### 4. Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu, sameiginlegt verkefni.

- Áhyggjur bornar upp um sameiningu heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Að verið sé að færa þjónustuna fjær notandanum. Í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi er verið að kljúfa heimahjúkrun frá heilsugæslunni.
- Reykjavíkurborg er með heimahjúkrun á sínum snærum. Sjúkrahúsin tala um að það sé til bóta að skipulagið sé nær íbúum og því hægt að útskrifa fólk af sjúkrahúsum 2-3 dögum fyrr en í öðrum sveitarfélögum.
- Í Kópavogi sér heimahjúkrun um heimaþjónustu og eru með nokkur stöðugildi sem greidd eru frá Kópavogsbæ til að sinna heimaþjónustu.
- Í Reykjavík er samningur með ýtarlegri kröfulýsingu. Þessi kröfulýsing hjálpar til við að skilgreina það fjármagn sem fylgir verkefninu. Þessa lýsingu má finna á vef Reykjavíkurborgar undir fundargerðir borgarráðs.
- Mikilvægt er að skoða hvað við erum að setja inn í félagslegu heimaþjónustuna, hver eru verkefni hennar og hvernig má samþætta þá þjónustu við heimahjúkrun.

#### 5. Lagt til að gera aðra tilraun með að boða á fund fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðs fólks ÖBÍ og Þroskahjálpar, 9. mars 2016 og var það samþykkt.

#### 6. Önnur mál

##### **Annað**

- Næsti fundur verður 10. febrúar 2016, Unnur verður fjarverandi og Rannveig tekur að sér fundarstjórn og skipulag fundar. Fundurinn haldinn í Kópavogi í Fannborg 6, 3. hæð.

Fundi slitið kl. 10:00

Fundarritari Hrönn Hilmarsdóttir